

Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningarstofa ríkisins. 26
13. júní

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

2. gr.

1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Nú telur skráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðal-skipaskrá. Ef skipið er yfir 30 smálestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóð-ernis- og skráningarskirteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 smálestir brúttó, milli Íslands og annara landa, skal þjóðernis- og skráningarskirteini gefið út handa því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927 og lögum nr. 70 28. desember 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum. 27
13. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70 28. des. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tollögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

1. Fyrir gosdrykki, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
2. a. Fyrir öl, nema maltöl, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
b. Fyrir maltöl, $\frac{1}{6}$ aðflutningsgjalds.
3. Fyrir óáfeng vín, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.

- 27 4. Fyrir aldinsöft, limonaðisöft, litað sykurvatn með kjörnum og aðra slíka drykki
13. júní og vökva, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjalds.
5. Fyrir tóbaksvindla og tóbaksvindlinga, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
6. Fyrir kaffibæti og kaffilíki, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
7. Fyrir sætindi, svo sem brjóstsykur, karamellur, lakkrís og lakkrísvörur, mótað sætt marsipan, sykraða ávexti, sætar brenndar möndlur, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennu-súkkulaði, súkkulaðihúðað munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð, kókos-bollur, „negrakossa“ og rjómalengjur, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
8. Fyrir allar tegundir af hreinu súkkulaði, t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð, aðrar en þær, sem falla undir 7. tölulið þessarar greinar, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framan- greindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

28

13. júní

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Á eftir „Laugarvatn í Árnessýslu“ í 1. gr. laganna kemur: Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði.

2. gr.

Á eftir 1. málslíð 4. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svo hljóðandi:

Í reglugerð fyrir héraðsskólann í Reykjanesi má kveða svo á, að námstíminn sé ekki yfir þrjá mánuði árlega, en þó skulu próf frá skólanum miðuð við, að nemendur hafi notið kennslu í sex mánuði. Undanþága þessi gildir þó aðeins til ársloka 1942.